

Fimmtudaginn 18. desember 1997.

Nr. 287/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararfkissaksóknari)

gegn

Guðbjarti Erni Einarssyni og

Sigurjóni Helga Ólafssyni

(Sigurður Jónsson hrl.)

Fiskveiðar. Sjávarafli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds með stefnu 24. júní 1997. Hann krefst þess, að ákærði Guðbjartur Örn verði sakfelldur samkvæmt ákæru og honum dæmd refsing og að refsing ákærða Sigurjóns Helga verði þyngd. Þess er jafnframt krafist, að báðir ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ákærði Guðbjartur Örn krefst staðfestingar héraðsdóms.

Ákærði Sigurjón Helgi krefst þess, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa. Vísar hann um það til 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ásamt ákærðu fyrir Hæstarétti var einn maður að auki ákærður í máli þessu. Kemur niðurstaða héraðsdóms um hans þátt í málinu ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, lýtur ákæra á hendur Sigurjóni Helga að því að hafa ekið með 7.416 kíló af slægðum þorski, sem landað var úr fiskiskipinu Arnari, ÁR 55, frá bryggju í Þorlákshöfn að fiskverkunarhúsi Auðbjargar ehf., sem er í eigu útgerðar skipsins, í stað þess að fara með aflann að hafnarvog. Hafi hann með því brotið gegn ákvæðum 10. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, sem leggur þá skyldu á ökumann, sem flytur óveginn afla, að aka rakið frá skipshlið að hafnarvog. Við fiskverkunarhúsið var byrjað að losa aflann af bifreið ákærða, er eftir-

litsmaður kom þar að. Hefur ákærði játað sakargiftir, og telst sök sönnuð, að því er varðar 6.977 kíló af slægðum þorski. Brot hans er réttilega heimfært til refsíðkvæða í ákæru.

Með lögum nr. 57/1996 var lögfest lágmarksfésekt við brotum gegn lögnum, sem ekki skyldi nema lægri fjárhæð en 400.000 krónum. Til stuðnings kröfu sinni um mildun refsingar vísar ákærði, sem var starfsmaður Auðbjargar ehf., til 5. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar virt eru þau ákvæði laga nr. 57/1996, sem hér eiga við, verður ekki fallist á, að það ákvæði í 74. gr. laga nr. 19/1940, sem til er vísað, geti átt hér við, þannig, að refsing verði færð niður úr refsilágmarki samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1996. Verður ákærða Sigurjóni Helga gert að greiða sekt í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin 400.000 krónur, og komi 50 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá skal ákærði greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins, eins og segir í dómsorði.

II.

Ákærði Guðbjartur Örn var skipstjóri á Arnari, ÁR 55, er áður greindum afla var landað úr skipinu. Lýtur ákæra á hendur honum að því að hafa brotið 9. gr. laga nr. 57/1996, en samkvæmt henni eru ýmsar skyldur lagðar á skipstjóra fiskiskipa og þar á meðal að láta vega sérstaklega hverja fisktegund, sem aflað er. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna skal allur afli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Varða brot á lögnum sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 1. ml. 1. mgr. 23. gr.

Ákærði neitar, að sér hafi verið kunnugt um þá fyrirætlun útgerðarmanns skipsins að láta aka umræddum afla fram hjá hafnarvog. Hann hefur skýrt svo frá, að á meðan á löndun stóð, hafi hann verið í brú skipsins og ekki fylgst með akstri þeirra tveggja bíla, sem óku aflanum frá bryggju. Hann telur sig jafnframt ekki hafa rætt við eða hitt ákærða Sigurjón Helga eða útgerðarmann skipsins á bryggjunni, þegar löndun stóð yfir. Meðákærði og eitt vitni hafa hins vegar borið á annan veg um það atriði. Er ósannað, að ákærði Guðbjartur Örn hafi átt beinan hlut að broti útgerðarmannsins eða verið kunnugt um fyrirætlun hans.

Fyrir dómi lýsti ákærði yfir, að hann þekkti þá skyldu, sem á skipstjóra hvíli, að fylgjast með, að afli sé veginn. Í reynd hafi hann hins vegar almennt sinnt öðrum störfum um borð, þegar landað var úr skipinu, og ekki fylgst með, hvort flutningabílar færu með aflann á hafnarvog. Sér hafi fundist óeðlilegt að vera að fylgjast með þessu og ekki haft áhyggjur af því. Hann hefði hins vegar getað séð úr skipsbrúnni, hvort bílarnir ækju í átt að hafnarvoginni eða færu aðra leið. Þá kvaðst hann stundum aðstoða við löndun, en ekki umrætt sinn.

Ákærði lét hvorki sjálfur vega aflann né fól öðrum að sjá til þess, að það yrði gert. Hann fylgdist auk þess ekkert með, hvort aflinn yrði veginn í raun. Með háttsemi sinni braut hann gegn þeirri fortakslausu skyldu, sem á honum hvíldi í þessum efnum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996. Hefur hann unnið til refsingar með broti sínu samkvæmt 23. gr. laganna. Verður ákærða gert að greiða sekt í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin 400.000 krónur, og komi 50 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá skal ákærði greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigurjón Helgi Ólafsson greiði 400.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms, en sæti ella fangelsi í 50 daga.

Ákærði Guðbjartur Örn Einarsson greiði 400.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms, en sæti ella fangelsi í 50 daga.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað málsins í héraði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, 65.000 krónur.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 2. júní 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. f. m., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara 3. desember 1996 á hendur Guðbjarti Erni Einarssyni, Egilsbraut 20, Þorlákshöfn, fæddum 30. október 1969, Sigurjóni Helga Ólafssyni, Oddabraut 5, Þorlákshöfn, fæddum 11. ágúst 1936, og Einari Friðriki Sigurðssyni, Skálholtsbraut 5, Þorlákshöfn, fæddum 11. desember 1942, „fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 laugardaginn 22. júní 1996 í Þorlákshöfn:

Ákærða Guðbjarti Erni er gefið að sök að hafa sem skipstjóri á Arnari, ÁR 55, skipaskrárnúmer 1056, landað 7.416 kg af slægðum þorski, án þess að aflinn færi til vigtunar, heldur var honum ekið af meðákærða Sigurjóni á bifreiðinni X-8055 frá skipshlið í fiskverkunarhús Auðbjargar ehf. á staðnum, þar sem verið var að afferma bifreiðina, er veiðieftirlitsmaður Fiskistofu kom að.

Telst þetta varða við 1. mgr. 9. gr., sbr. 23. gr. ofangreindra laga nr. 57/1996.

Ákærði Sigurjóni er gefið að sök að hafa ekið með ofangreindan fisk frá skipshlið án þess að fara með hann til vigtunar á hafnarvog staðarins og í fiskverkun Auðbjargar ehf.

Telst þetta varða við 10. gr., sbr. 23. gr. ofangreindra laga.

Ákærða Einari Friðriki er gefið að sök að hafa sem útgerðarmaður m/b Arnars og framkvæmdastjóri Auðbjargar ehf. fengið meðákærða Sigurjón til að aka með fiskinn frá skipshlið fram hjá hafnarvog í fiskvinnslu Auðbjargar ehf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 9. gr. og 10. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr., og 1. mgr. 12. gr., allt sbr. 23. gr. ofangreindra laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Ákærði Guðbjartur Örn hefur krafist þess, að hann verði alsýknaður af kröfum ákæruvalds í málinu. Ákærði Sigurjón Helgi krefst þess aðallega, að refsing sín verði felld niður, en til vara, að sér verði einungis gerð vægasta refsing, sem lög frekast leyfa. Af hálfu ákærða Einars Friðriks er krafist sýknu, að því er tekur til ætlaðra brota hans gegn 9. og 12. gr. laga nr. 57/1996, en að refsing sín fyrir hlutdeild í broti meðákærða Sigurjóns Helga verði felld niður. Til vara krefst hann þess, að sér verði einungis gerð vægasta refsing, sem lög frekast leyfa, vegna umrædds hlutdeildarbrots.

I.

Sannað er með framburði ákærða Sigurjóns Helga og öðrum gögnum málsins, að hann hefur laugardaginn 22. júní 1996 ekið með 6.977 kg af slægðum þorski, sem landað hafði verið úr Arnari, ÁR 55, frá skipshlið að fiskverkun Auðbjargar ehf. og án þess að fara áður með aflann til vigtunar á hafnarvoginni í Þorlákshöfn. Þá hafa ákærðu Sigurjón Helgi og Einar Friðrik báðir skýrt svo frá, að ætlunin hafi verið að koma um það bil tveimur tonnum af þessum afla skipsins fram hjá vog umrætt sinn og að hinn síðarnefndi hafi skipað svo fyrir, að þessi háttur skyldi hafður á. Voru þeir að eigin sögn að byrja að afferma vörubifreiðina við fiskverkunarhúsið, þegar eftirlitsmaður frá Fiskistofu kom þar að. Er samkvæmt þessu sannað, að ákærði Sigurjón Helgi hefur sem ökumaður vörubifreiðarinnar greint sinn brotið gegn 10. gr. laga nr. 57/1996 og að ákærði Einar Friðrik hefur með framangreindri ráðstöfun sinni gerst sekur um refsiverða hlutdeild í þessu broti meðákærða, sbr. 2. mgr. 24. gr. laganna.

II.

Ákærði Guðbjartur Örn hefur allt frá upphafi rannsóknar málsins neitað því, að hann hafi haft um það vitneskju, að til stæði að koma hluta af afla Arnars, ÁR 55, fram hjá vog umrætt sinn. Fær sú staðhæfing hans stoð í framburði meðákærðu. Kveðst ákærði ekki hafa vitað betur en ekið yrði með allan afla skipsins til vigtunar á hafnarvoginni í Þorlákshöfn, svo sem lög gera ráð fyrir. Hefur ekkert komið fram við meðferð málsins, sem rýri sannleiksgildi þessa framburðar ákærða.

Í því ákvæði laga nr. 57/1996, sem ákærða er gefið að sök að hafa brotið gegn, er lögð sú skylda á skipstjóra fiskiskips að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum, verði því á annað borð við komið, en ella við löndun hans. Þá segir í ákvæðinu, að skipstjóra sé skylt að láta vega hverja tegund sérstaklega. Loks ber honum að tryggja, að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist vigtarmanni. Ákvæði þetta verður að mati dómsins ekki afdráttarlaust skýrt á annan veg en þann, að það lúti einvörðungu að þörf á aðgreiningu afla eftir fisktegundum og skyldum skipstjóra í því sambandi, en skyldi hann ekki til að sjá til þess að viðlagðri refsíabýrgð, að aflinn skili sér á hafnarvog til vigtunar. Ekkert hefur komið fram við meðferð málsins, sem bendir til þess, að ákærði hafi ekki gætt að þeim skyldum, sem ákvæðið samkvæmt þessu leggur honum á herðar, og ákæra málsins tekur reyndar ekki til þeirra. Í 1. mgr. 6. gr. laganna er hins vegar kveðið á um það, að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Með vísan til þess, sem áður er rakið, telst með öllu ósannað, að ákærði hafi átt þátt í því, að út af þessu var brugðið í

því tilviki, sem hér er til umfjöllunar. Kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til þess, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot á þessu ákvæði laganna, en 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 leiðir til sömu niðurstöðu.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna ákærða Guðbjart Örn með öllu af refsikröfu ákæruvalds í málinu. Af þeirri niðurstöðu leiðir, að sakfelling fyrir hlutdeild í ætluðu broti hans kemur eigi til álita.

III.

Í 1. mgr. 12. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar er lagt fyrir kaupendur afla að ganga úr skugga um það, að hann hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla. Ákærða Einari Friðriki er í ákæru gefið að sök að hafa brotið gegn ákvæði þessu umrætt sinn.

Ákærði er framkvæmdastjóri Auðbjargar ehf., og félagið er eigandi m/b Arnars, ÁR 55. Svo sem áður greinir, hafði vigtun á hluta af afla skipsins 22. júní 1996 ekki farið fram, þegar komið var með hann í fiskverkunarhús félagsins. Átti að sögn ákærða að taka hluta farmsins til verkunar þar, án þess að hann hefði áður verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla. Var verið að hefja flutning aflans í hús, þegar eftirlitsmaður Fiskistofu kom á staðinn.

Samkvæmt framangreindu tók ákærði sem framkvæmdastjóri Auðbjargar ehf. við afla til verkunar, sem hafði ekki áður verið veginn á hafnarvog. Braut hann þar með gegn hinu tilvitnaða ákvæði laga nr. 57/1996. Er sérstaklega til þess að líta, að það eitt, að veiði og vinnsla eru á sömu hendi, stendur því ekki vegi að mati dómsins, að til sakfellingar geti komið hér. Þá þykir verknaðarlýsing í ákæru nægilega skýr, hvað þetta efnisatriði varðar.

IV.

Ákærðu Sigurjón Helgi og Einar Friðrik hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1996. Er í 1. mgr. þeirrar greinar mælt fyrir um það, að brot gegn ákvæðum laganna varði sektum, en sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða, skuli þau að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Samkvæmt 2. mgr. skal sekt við fyrsta broti eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 krónum.

Refsing ákærða Sigurjóns Helga þykir með vísan til 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem hér á við, hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Einars Friðriks þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 800.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vara-refsing ákveðst varðhald í 80 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður sá hluti sakarkostnaðar, sem varðar sakargiftir á hendur ákærða

Guðbjarti Erni, lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sigurðar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 45.000 krónur.

Ekki eru efni til að gera ákærðu Sigurjóni Helga og Einari Friðriki að greiða saksóknarlaun til ríkissjóðs, enda beindist sókn málsins í skilningi 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 að mjög takmörkuðu leyti að þætti þeirra. Annan sakarkostnað ber þessum ákærðu að greiða óskipt, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur.

Sókn málsins hér fyrir dómi annaðist Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi sýslumannsins á Selfossi.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði Guðbjartur Örn Einarsson á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ákærði Sigurjón Helgi Ólafsson greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákærði Einar Friðrik Sigurðsson greiði 800.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 80 daga.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Guðbjartar Arnar, Sigurðar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, 45.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði svo og annar sakarkostnaður, er hann varðar.

Annar sakarkostnað að frátöldum saksóknarlaunum greiði ákærðu Sigurjón Helgi og Einar Friðrik óskipt, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur.